

# UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 11183/2021

Reykjavík, 18. júní 2021

Valdimar Gunnarsson  
Helgubraut 17  
200 Kópavogur

Umboðsmaður Alþingis hefur mótttekið erindi yðar, dags. í dag, og hefur mál yðar fengið númerið 11183/2021 í málaskrá embættisins.

Á meðfylgjandi upplýsingablaði er að finna almenna lýsingu á málsmeðferð hjá embætti umboðsmanns, m.a. um skilyrði fyrir því að mál sé tekið til meðferðar, um samskipti umboðsmanns við stjórnvöld og um áætlaða tímafresti í því sambandi.

Vakin er athygli á því að kvörtun yðar og öll gögn sem viðkomandi mál varða eru geymd í skjalageymslu embættisins undir framangreindu málanúmeri jafnframt því sem bréf þau sem umboðsmaður ritar eru vistuð í tölvukerfi embættisins.

Ef þér óskið eftir frekari upplýsingum getið þér haft samband símleiðis við starfsfólk embættisins í síma 510-6700 kl. 9-15 alla virka daga eða með tölvupósti á veffanginu [postur@umbodsmadur.is](mailto:postur@umbodsmadur.is). Þá getið þér komið á skrifstofu embættisins að Þórshamri, Templarasundi 5 sem opin er á fyrrgreindum tíma.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis,

  
Kolbrún Bjarnadóttir

### Almennar upplýsingar um málsmeðferð kvartana sem berast umboðsmanni Alþingis

1. Í upphafi tekur umboðsmaður afstöðu til þess hvort kvörtun uppfyllir skilyrði laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, til að vera tekin til nánari athugunar. Þessari athugun er að jafnaði lokið innan fjögurra vikna. Ef umboðsmaður telur að kvörtun gefi ekki nægilegt tilefni til nánari athugunar eða ekki eru skilyrði til frekari umfjöllunar af hans hálfu er viðkomandi sent bréf þess efnis með skýringum á ástæðum þess. Ef fyrirsjáanlegar tafir verða á ákvörðun umboðsmanns á þessu stigi er þeim sem bar fram kvörtun sent bréf þess efnis.
2. Ef umboðsmaður ákveður að taka mál til nánari athugunar skýrir hann viðkomandi stjórnvaldi frá efni kvörtunar jafnframt því sem hann óskar eftir atvikum eftir upplýsingum og gögnum og gefur stjórnvaldinu kost á að setja fram skriflegar skýringar. Setur hann stjórnvaldinu gjarnan tiltekinn svarfrest sem er að jafnaði 2-6 vikur eftir eðli og umfangi máls. Sá sem borið hefur fram kvörtun fær afrit af því bréfi sem sent hefur verið stjórnvaldinu vegna máls hans.
3. Þegar stjórnvald hefur svarað umboðsmanni og eftir atvikum sent honum tiltekin gögn eða upplýsingar fær sá sem borið hefur fram kvörtun að jafnaði sent bréf þar sem honum er gefinn kostur á því að tjá sig um þær skýringar sem umboðsmanni hafa borist frá stjórnvaldinu. Gögn sem fylgja skýringum stjórnvalds eru almennt ekki afhent þeim sem ber fram kvörtun. Sá sem telur sig eiga rétt til aðgangs að slíkum gögnum getur hins vegar óskað eftir þeim hjá hlutaðeigandi stjórnvaldi.
4. Þegar öll gögn, upplýsingar og skýringar liggja fyrir frá stjórnvaldi ásamt athugasemdum þess sem borið hefur fram kvörtun tekur umboðsmaður endanlega ákvörðun um lyktir máls. Getur hann ákveðið að láta mál niður falla á þessu stigi ef hann telur ekki tilefni til athugasemda. Fær þá sá sem borið hefur fram kvörtun bréf þess efnis með skýringum umboðsmanns á þessari afstöðu. Ef umboðsmaður telur hins vegar tilefni til athugasemda við afstöðu stjórnvalds eða málsmeðferð ritar hann að jafnaði álit sem sent er þeim sem borið hefur fram kvörtun og viðkomandi stjórnvaldi. Í álitinu er almennt að finna yfirlit yfir málsatvik, bréfaskipti og niðurstöður umboðsmanns. Að því er stefnt að ákvörðun umboðsmanns Alþingis um endanlegar lyktir máls liggja fyrir eigi síðar en þremur mánuðum frá því að síðustu skýringar eða athugasemdir berast embætti hans.